

Tónmennt 2. bekkur 2022-2023

Kennarar: Birgitta Sveinsdóttir; Helga Rós Sigfúsdóttir

2

Lýsing

Í tónmennt er unnið með söng og raddbeitingu, leiki sem þjálfar taktskyn, hlustun og hreyfingu eftir tónlist, samspil með einföldum ásláttarhljóðfærum og hljóðheimurinn kannaður

Kennsluáðferðir og fyrirkomulag

Bein kennsla, hópavinna, einstaklingsvinna, rythma leikir, umræður, söngur, dans og sprell.

Námsmat

Nemendur verða metnir í samræmi við hæfniviðmið lotunnar og frammistöðu í tímum.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

- * Framúrskarandi
- ∨ Hæfni náð
- ◇ Á góðri leið
- Þarfnast þjálfunar
- X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

- A = Framúrskarandi
- B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða
- B = Góð hæfni og frammistaða
- C+ = Á góðri leið
- C = Sæmileg hæfni og frammistaða
- D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS Tónmennt fyrir yngsta stig

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS Tónmennt fyrir yngsta stig - Tónmennt hæfniviðmið fyrir 1.- 4. bekk

- Syngi í hóp fjölbreytt sönglög og þulur.
- Geti hlustað á fjölbreytta tónlist með athygli og sýni viðbrögð við henni.
- Vinni áfram með tónlistarhugtök s.s. veikt og sterkt, háa og djúpa tóna, hratt og hægt, bjart og dimmt.
- Flytji einfalt tón- og hrynmunstur eftir heyrn.
- Þjálfist í að skrifa einfalda grafíska nótnaskrift.
- Þekki og geti greint á milli algengustu skólahljóðfæra eftir heyrn, sjón og nafni.
- Öðlist aukna færni á einföld skólahljóðfæri (bæði hryn- og lagrænt).
- Viti hvað fjórðapartsnóta og áttundapartsnóta merkir og geti slegið takt í samræmi við þær.

NÁMSEFNI/GÖGN

 Það var lagið - hugmyndaefni í tónmennt

 Efni sem kennari hefur safnað saman

 Internetið (youtube, tonmennt.com ofl.)

 Myndefni